
ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR LH

STARFSÁRIÐ 2026



Æskulýðsnefnd LH 2024-2026

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR LH

STARFSÁRIÐ 2026

EFNISYFIRLIT

Æskulýðsnefnd LH 3

Starfsárið 2026 3

Æskan og hesturinn 3

FEIF Youth CUp 2026 4

- Fjölbreyttar æfingar og skemmtileg dagskrá 4
- Lokaúrslit og verðlaunaafhending 5
- Lærdómsríkt ævintýri og varanleg vinátta 5

Fjölskyldudagur LH 5

FEIF Youth Leadership Seminar 2027 6

Æskulýðsbikar LH 6

Handhafar Æskulýðsbikars LH frá 1996 til 2026 7

ÆSKULÝÐSNEFND LH

Ástríður Magnúsdóttir
Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður
Guðrún Linda Björgvinsdóttir
Jón Þorberg Steindórsson
Rakel Katrín Sigurhansdóttir
Stefán G. Ármannsson
Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

STARFSÁRIÐ 2026

Nefndin hefur fundað 6 sinnum á starfsárinu. Hluti nefndarinnar fundaði svo að auki nokkrum sinnum við val á þátttakendum í FEIF Youth Cup og tók viðtöl við umsækendur í það skemmtilega starf, sem var helsta verkefni nefndarinnar á árinu, ásamt vali á handhafa æskulýðsbikars LH.

Æskulýðsnefnd er alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetjum þá sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.

ÆSKAN OG HESTURINN

Æskulýðsnefnd tók þátt í því að endurvekja sýninguna Æskan og hesturinn sem um árabil var sameiginleg stórsýning og samstarfsverkefni hestamannafélaganna Fáks, Harðar, Mána, Spretts, Sóta og Sörla, ásamt gestum frá Geysi og Þyt. Sýningin fór fram í Sörla í Hafnarfirði 26 apríl og var mikið um dýrðir á henni og margir sem lögðu leið sína í Sörla til að sjá efnilegustu hestamenn landsins sýna listir sínar.

FEIF YOUTH CUP 2026



FEIF Youth Cup (FYCup) fór fram í 15. skipti dagana 13.–19. júlí í Gut Matheshof í Rieden í Þýskalandi, en þar mun Heimsmeistarmót Íslenska hestsins fara fram 2027. FYCup er haldið annað hvert ár, fyrir knapa á aldrinum 14-17 ára sem vilja öðlast keppnisreynslu á erlendri grundu. Áhersla er á teymisvinnu, íþróttamennsku, bætta reiðfærni og vináttu þvert á menningu. Dagarnir samanstanda af stífri þjálfun, alþjóðlegri liðakeppni og menningarsamskiptum í kringum íslenska hestinn, þar sem markmiðið er að efla samvinnu og alþjóðlega vináttu.
Alls tóku 69 þátttakendur frá 10 aðildarlöndum FEIF þátt, þar af sjö knapar frá Íslandi. Íslensku knaparnir sem tóku þátt eru Anita Liv Snævarsdóttir, Aníta Líf Magnúsdóttir, Jóhanna Dýrleif Guðjónsdóttir, Rebecca Luise Lehmann, Sigríður Fjóla Aradóttir, Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir og Unnur Rós Ármannsdóttir. Með hópnum fór Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður æskulýðsnefndar LH.

Ferðalagið og fyrstu skrefin

Ferð íslenska hópsins hófst sunnudagskvöldið 12. júlí. Ferðalagið til Rieden gekk vel og á mánudeginum tók hópurinn á móti lánshestum sínum og fór með þá í dýralæknaskoðun. Seinni part dags var farið í reiðtíma hjá Chrissy Seipolt sem sá um að para saman knapa og lánshesta. Um kvöldið var öllum þátttakendum skipt í 11 alþjóðleg lið, sem hvert hafði sinn liðsstjóra.

Fjölbreyttar æfingar og skemmtileg dagskrá

Á þriðjudegi og miðvikudegi mættu liðin á tvær æfingar á dag hjá sérgreinaþjálfurum:

- Svenja Braun sá um trail-æfingar.
- Chrissy Seipolt sá um gangtegundaæfingar.
- Reinhard Loidl sá um töltæfingar.

- Bea Rusterholz sá um dressage æfingar.
- Lisa Schürger og Freija Thye sáu um skeið- og flag race-æfingar.

Á þriðjudagskvöldinu var haldið glæsilegt þjóðarkvöld þar sem hvert land kynnti sína menningu með skemmtiatriði og bauð upp á góðgæti að heiman.

Keppnin hefst og hátíðleg setningarathöfn

Á fimmtudeginum var farið á síðustu æfinguna og dýralæknaskoðunin Fit-to-Compete fór fram þar sem allir hestar stóðust skoðun. Eftir myndatökur og afhendingu á svokölluðum „Lucky pots“ hófst keppni á trail og tölti T4.

Á föstudeginum hélt keppni áfram í F2, T7, T3 og Gæðingaskeiði PP2. Eftir hádegi fór fram táknræn setningarathöfn þar sem knapar gengu fyrst inn með löndum sínum með sínum fararstjóra og fánabera og á eftir komu liðstjórarnir með sína liðsfána. Eftir að veitt voru verðlaun fyrir trail og gæðingaskeið hélt keppnin áfram í V5, V2 og dressage. Um kvöldið þreyttu liðin skriflegt fræðipróf (Theory test) um FEIF og íslenska hestinn.

Lokaúrslit og verðlaunaafhending

Á laugardaginn var komið að lokadegi keppninnar. Dagurinn hófst á að klára dressage, auk þess sem keppt var í flag race og 100m flugskeiði. A-úrslit fóru fram í T7, T3 og T4 fyrir hádegi, og V5, V2 og F2 eftir hádegi.

Mótinu lauk með glæsilegri lokaathöfn. Veitt voru verðlaun fyrir einstakar greinar, stigahæstu liðin og stigahæsta knapa mótsins. Þá var FEIF fjöðrin veitt fyrir sérstaklega fagra, mjúka og næma reiðmennsku. Um kvöldið var haldið myndakvöld og kveðjupartý.

Lærdómsríkt ævintýri og varanleg vinátta

Að keppa á lánshestum er ævinlega áskorun, sérstaklega þar sem lítill tími gafst til að prófa hestana fyrir mótið vegna Landsmóts heima á Íslandi. Þótt væntingar um hesta hafi ekki gengið eftir hjá öllum stóð íslenski hópurinn sig frábærlega í að stilla hugarfarið, gera sitt besta og taka virkan þátt.

Ferðin skilaði bæði persónulegum og keppnislegum sigrum, og mikilvægast af öllu: alþjóðlegri vináttu og góðum minningum.

FJÖLSKYLDUDAGUR LH

Það hefur lengi verið draumur æskulýðsnefndar að halda einhvers konar fjölskyldudag LH. Fyrst var hugmyndin að hafa daginn á Skógarhólum þar sem fjölskyldur gætu komið saman, farið í hópreið, grillað saman og skemmt sér. Þróaðist hugmyndin síðar úr því að halda daginn á Skógarhólum yfir í að halda daginn í hverjum landsfjórðungi. Samvinna hestamannafélaga er nauðsynleg til að þetta verði að veruleika og vill nefndin gjarnan fá félög til liðs með sér sem tilbúin eru til að bjóða nærfélögum til sín og skipuleggja reiðtúr á sínum slóðum. Með

samstilltu átaki og jákvæðni þá vonum við að Fjölskyldudagur LH verði að veruleika á næstu misserum.

FEIF YOUTH LEADERSHIP SEMINAR 2027

Æskulýðsnefnd FEIF hefur óskað eftir því að æskulýðsnefnd LH haldi FEIF Youth Leadership Seminar 2027. Nefndin óskaði eftir leyfi stjórnar LH um að taka að sér að halda viðburðin 2027 og var sú ósk samþykkt. Það eru því óhætt að segja að það séu spennandi tímar framundan hjá nefndinni að skipuleggja næsta FEIF Youth viðburð hérlendis.

ÆSKULÝÐSBIKAR LH

Hinn eftirsótti Æskulýðsbikar Landsambands hestamannafélaga (LH) er afhentur því félagi sem skarað hefur þótt fram úr í æskulýðsstarfi á árinu og hefur verið afhentur frá árinu 1996. Valið byggir á ársskýrslum æskulýðsnefnda félaganna, sem sendar eru inn til æskulýðsnefndar LH á haustin og hefur nefndin það verkefni að velja handhafa bikarsins og byggist valið á innsendum skýrslum. Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlotnast fyrir æskulýðsstarf félaganna og metnaðarfullt æskulýðsstarf skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíð greinarinnar því þaðan kemur framtíðar grasrót félaganna.

Skýrslur æskulýðsnefnda eru dýrmætar að því leiti að þær gefa okkur í æskulýðsnefnd LH upplýsingar um hvað er um að vera hjá félögunum en ekki síður eru þær mikilvægur hugmyndasjóður fyrir önnur félög. Hvetjum við því félög til að senda inn skýrslur, því það er alltaf jafn ánægulegt að sjá hve mikið og öflugt starf fer fram hjá félögunum, sjá hvað félögin eru dugleg að bjóða upp á hina ýmsu viðburði fyrir æskuna, jafnt með og án hesta. Í skýrslunum 2025 mátti sjá öflugt og gott æfinga- og námskeiðshald hjá félögunum. Mörg félög stóðu fyrir reglubundnum æfingum, almennum reiðnámskeiðum, keppnisnámskeiðum auk þess sem knapamerkjanámið er alltaf jafn vinsælt. Félagshesthúsum fer fjölgandi um landið með ýmsum hætti og það er ánægjulegt að sjá hversu mörg félög eru farin að bjóða upp á hestafimleika, en báðir þessir kostir auka möguleika þeirra sem ekki hafa bakland í hestamennsku til að stunda íþróttina. Einnig gleður það okkur virkilega mikið að sjá að félög eru að bjóða upp á sýningar þar sem æskan fær að njóta sín.

Áfram halda félögin að stíga skref í þá átt að líta á sig sem íþróttafélög og bjóða upp á markvissar æfingar á heilsárs grundvelli, líkt og gert er í öðrum íþróttagreinum. Nefndin telur það skref í rétta átt fyrir íþróttina og að með þeirri stefnu muni greinin vaxa, vera samkeppnishæfari og dafnar til framtíðar.

Handhafi Æskulýðsbikars LH 2025 var Hestamannafélagið Skagfirðingur í Skagafirði.

Félagið leggur mikla áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt námskeið, með og án hesta. Þau leitast við að mæta öllum aldri, áhuga og reynslu, allt frá fyrstu kynnum af hestamennsku yfir í markvissa þjálfun fyrir lengra komna. Þau hafa verið dugleg í nýliðun og bjóða m.a. upp á leigu á hestum, reiðtygum og hesthúsplássi fyrir þá krakka sem ekki hafa bakland í hestum.

Skagfirðingur er stórhuga í æskulýðsmálunum, með sterka drífandi liðsheild og gott utanumhald sem hefur stuðlað að því að starfið hefur vaxið og dafnað ár frá ári.

HANDHAFAR ÆSKULÝÐSBIKARS LH FRÁ 1996 TIL 2026

1996	Léttir	2006	Léttir	2016	Sörli
1997	Gustur	2007	Máni	2017	Brimfaxi
1998	Sörli	2008	Þytur	2018	Hringur
1999	Hörður	2009	Dreyri	2019	Geysir
2000	Freyfaxi	2010	Logi	2020	Hornfirðingur
2001	Máni	2011	Hörður	2021	Slepinir
2002	Smári	2012	Sleipnir	2022	Sörli
2003	Fákur	2013	Sindri	2023	Jökull
2004	Blær	2014	Fákur	2024	Sprettur
2005	Andvari	2015	Sprettur	2025	Skagfirðingur
2026	?				

F.h. Æskulýðsnefndar LH,
Guðrún Linda Björgvinsdóttir